

Nýlegar doktorsvarnir í hjúkrunarfræði

Kristín Þórarinsdóttir varði doktorsritgerð sína við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands 27. nóvember síðastliðinn. Doktorsritgerðin ber heitið Persónumiðaða matstækið Hermes. Þróun og notkun í endurhæfingarhjúkrun.

Persónumiðaða matstækið Hermes. Þróun og notkun í endurhæfingarhjúkrun.

Meginmarkmið doktorsritgerðarinnar var annars vegar að lýsa heimspekilegum og fræðilegum hugmyndum og aðferðum sem nýttar voru við þróun persónumiðaðs matstækis í endurhæfingarhjúkrun sem nefnt var Hermes, og hins vegar innleiðingu og notkun matstækisins í endurhæfingarhjúkrun.

Ritgerðin byggist á þremur rannsóknum. Fyrsta rannsóknin var hugtakagreining á persónumiðaðri þátttöku sjúklinga í heilbrigðisþjónustu sem byggist á samþættingu 60 eiginlegra rannsókna. Önnur rannsóknin var þátttökurannsókn en í henni tóku þátt 12 hjúkrunarfræðingar í endurhæfingu og ráðgjafi. Í gegnum rannsókna var matstækið Hermes, sem byggt var á fræðilegum og fyrirbærafræðilegum grunni, þróað. Gögnum var safnað með rýnihópum, einstaklingsviðtölum og endurskoðun á skráningu á Hermes. Þriðja rannsóknin var vettvangsathugun. Þátttakendur voru 14 sjúklingar með langvinna verki í endurhæfingu og fimm hjúkrunarfræðingar þeirra og var gögnum safnað með þátttökuathugun og hálf-stöðluðum viðtölum.



Dr. Kristín Þórarinsdóttir.

Aukinn skilningur á veikindum og aðstæðum sjúklinga og mat á árangri endurhæfingar

Helstu niðurstöður rannsókna voru að þróun og notkun Hermes stuðlaði að persónumiðaðri þátttöku sjúklinga í heilsufarsmati. Viðhorf sjúklinga komu skýrt fram í matinu sem veitti heildræna sýn á heilsufarsvanda. Þá stuðlaði notkun Hermes að styðjandi tengslum og opinni samræðu með túlkandi ívafi milli sjúklinga og hjúkrunarfræðinga um heilsufarsvanda. Með þessu móti myndaðist skilningur á veikindunum og aðstæðum sjúklinga sem gat verið hjálplegur við að koma til móts við heilsufarsleg áhyggjuefni. Þá auðveldaði Hermes mat á árangri endurhæfingarinnar.

Notkun Hermes getur stuðlað að persónumiðaðri þátttöku sjúklinga í endurhæfingu. Því er matstækið talið nýtilegt í endurhæfingarhjúkrun. Einnig er vel hugsanlegt að matstækið sé gagnlegt á öðrum sviðum heilbrigðisþjónustu.

Umsjónarkennari var dr. Kristín Björnsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild sem einnig var leiðbeinandi ásamt dr. Kristjáni Kristjánssyni, prófessor við Jubilee Centre for Character and Virtues, University of Birmingham, Bretlandi. Auk þeirra sat í doktorsnefnd Þóra Jenný Gunnarsdóttir, dósent við Hjúkrunarfræðideild. Andmælendur eru dr. Brendan McCormack, prófessor við Queen Margaret University, Skotlandi, og dr. Snæfríður Þóra Egilson, prófessor við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.